



Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

Heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar o.fl.

Bréf þetta er sent til allra fagraða Reykjavíkurborgar sbr. B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og annarra nefnda sbr. B-lið 64. gr eftir því sem við á.

Á fundi borgarstjórnar þann 12. ágúst 2021 var hjálögð tillaga, dags. 9. ágúst 2021, um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, samþykkt í samræmi við auglýsingu nr. 894/2021 frá 27. júlí 2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga. Þar kemur fram að vegna neyðarástands af völdum COVID-19 farsóttar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið ákvörðun um að framlengja heimild allra sveitarstjórna, sem veitt var með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 230/2020, til að víkja tímabundið frá eftirfarandi skilyrðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, með vísan til VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins, án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins.
2. Að ákveða að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins með fjarfundarbúnaði.
3. Að ákveða að valdsvið nefnda verði með öðrum hætti en mælt er fyrir um í samþykktum sveitarfélagsins.
4. Að fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélagsins.
5. Að ákveða að staðfesting fundargerða sveitarstjórnar verði með öðrum hætti en mælt

er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

Vakin er sérstök athygli á því að gert verður ráð fyrir að kjörnir fulltrúar mæti að meginstefnu til á fundi ráða og nefnda á tímabilinu en áfram verði kostur á að taka sæti í fjarfundi fyrir þá sem kjósa að halda eins metra fjarlægð.

Það tilkynnist hér með.

Umrædd heimild gildir til og með 1. október 2021 og nær til:

mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs
skipulags- og samgönguráðs
skóla- og frístundaráðs
umhverfis- og heilbrigðisráðs
velferðarráðs
barnaverndarnefndar
endurskoðunarnefndar
aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks
fjölmenningsráðs
íbúaráða
innkaupa- og framkvæmdaráðs
ofbeldisvarnarnefndar
öldungaráðs

Frekar leiðbeiningar um heimild þessa og eftir atvikum um notkun fjarfundabúnaðar veitir skrifstofa borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, dags. 9. ágúst 2021.

Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga nr. 894/2021.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.